

Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar innan innri og ytri hafnar



Skv. Reglugerð um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda nr. 1010/2012

Útgáfa: Ágúst 2025

Kaflar

1. BREYTINGAR SEM GERÐAR HAFA VERIÐ	3
2. YFIRLÝSING HAFNARSTJÓRA.....	4
3. TILKYNNINGAR	5
4. ÁHÆTTUMAT.....	6
a. Hafnarsvæði	7
b. Tafla fyrir gróft áhættumat fyrir hafnaraðstöður	7
5. VIÐBRAGÐÁÆTLUN	8
a. Útkallslisti fyrir starfsmenn til vinnu við mengunaróhapp	8
b. Mengunarvarnarbúnaður listi.....	9
c. Mengunarvarnarbúnaður Vestmannaeyjahafnar	10
d. Þjálfun starfsmanna og mengunarvarnaæfingar	11
6. UPPGJÖR KOSTNAÐAR OG GJALDTAKA	13
7. VIÐAUKI 1. HAFNARSVÆÐI OG HAFNARAÐSTÖÐUR	15
8. VIÐAUKI 2 - ÁKVÆÐI REGLUGERÐARINNAR SEM SNÚA AÐ HÖFNUM	18

1. BREYTINGAR SEM GERÐAR HAFA VERIÐ

Í töflu hér að neðan skal eru færðar inn upplýsingar um breytingar eða viðbætur sem gerðar eru.

Dags	Kafli	Breytingar	Hver
17.2.2021		Viðbragðsáætlun uppfærð. Búnaðarlisti uppfærður í samræmi við tillögur umhverfisstofnunar um að uppfylla kröfur í flokk 1.	AbS
20.02.2023		Uppfærðar upplýsingar í viðbragðsáætlun, búnaður, símanúmer, nöfn ofl.	DBG
18.08.2025		Uppfærðar upplýsingar í viðbragðsáætlun, búnaður, símanúmer, nöfn ofl.	DBG

2. YFIRLÝSING HAFNARSTJÓRA

Þessi viðbragðsáætlun er unnin í samræmi við reglugerð um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda nr. 1010/2012.

Hafnarstjóri hefur látið útbúa meðfylgjandi viðbragðsáætlun til að uppfylla kröfur reglugerðarinnar.

Áætlunin gefur yfirlit yfir aðstæður á hafnarsvæði Vestmannaeyjahafnar. Viðbrögð og aðgerðir sem áætlunin tilgreinir taka mið af þessum aðstæðum. Markmiðið er að fljótt sé brugðist við ef bráðamengun verður innan hafnarsvæðanna og að viðbrögð hæfi tilefninu.

Áætlunin gefur skýra mynd af þeim viðbrögðum sem Vestmannaeyjahöfn áætlar og er hugsuð sem verkfæri starfsfólks og annarra sem að því koma, til að auðvelda skilvirk og árangursrík viðbrögð.

Stjórnendur Vestmannaeyjahafnar leggja mikla áherslu á að gengið sé vel um höfn og hafnarsvæðið. Það stuðlar að auknu öryggi starfsmanna og annarra sem um hafnarsvæðin fara og þar vinna. Fyrirtæki á og í nágrenni hafnarsvæða, sem og arir sem um höfnina fara, eiga að auki að geta gengið út frá góðri umgengni og verið stoltir af hafnarsvæðunum.

Meðferð úrgangs frá skipum lýtur sérstökum reglum. Fyrirtæki við höfnina skulu halda lóðum og nágrenni sínu snyrtilegu og nota móttökustöðvar sem íbúum standa til boða af hálfu sveitarfélaganna, sem og þjónustu fyrirtækja á þessu sviði, eftir atvikum.

Áætlun þessari er skilað til samþykktar Umhverfisstofnunar fyrir 1. mars ár hvert. Áætlunin er uppfærð og sett fram ásamt skýrslu um mengunarvarnaæfingar, mengunarvarnabúnað og mengunaratvik á liðnu ári. Viðbragðsáætlunin er aðgengileg starfsmönnum Vestmannaeyjahafnar á skrifstofu hafnarinnar. Áætlunin er einnig aðgengileg öðrum þeim sem þess óska.

Vestmannaeyjum, 14. ágúst 2025



Dóra Björk Gunnarsdóttir hafnarstjóri

3. TILKYNNINGAR

Reglugerð um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda nr. 1010/2012 gildir um óhöpp og atvik á sjó og landi sem leiða til hvers konar bráðamengunar hafs og stranda, viðbúnað og viðbrögð við þeim hér á landi, í lofthelgi og í mengunarlögsögu Íslands.

Tilkynningaskylda hvílir á þeim sem veldur mengun innan hafnarsvæðis eða verður var við hana, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar. Einnig ber að tilkynna óhöpp á skipum og bátum þar sem mengandi efni hafa lekið úr umbúðum og geta valdið mengunaróhöppum.

- Hver sá sem er valdur að eða verður var við bráðamengun innan hafnarsvæðis skal tafarlaust tilkynna um bráðamengunina til Vestmannaeyjahafnar. Við slíka tilkynningu hefur hafnarvörður á vakt samband við hafnsögumann sem metur hvort leitað verði liðsinnis slökkviliðs við hreinsun eða hver séu önnur viðbrögð við óhappinu.
- Hver sá sem er valdur að eða verður var við bráðamengun á sjó utan hafnarsvæða skal tafarlaust tilkynna um bráðamengunina til Vaktstöðvar siglinga.
- Um mengunaróhöpp á landi gilda lög um brunavarnir: Hver sá sem er valdur að eða verður var við mengunaróhöpp eða atvik á landi skal tilkynna það tafarlaust til viðkomandi slökkviliðs í samræmi við lög um brunavarnir (sími 1-1-2).
- Sé talið að mönnum geti stafað hættu af menguninni ber að tilkynna landlækni það tafarlaust.
- Ef mengun getur valdið hættu fyrir íbúa eða eignir skulu aðgerðir framkvæmdar í samráði við viðkomandi lögreglustjóra.
- Ef umfang eða eðli mengunar er slíkt að ætla megi að almenningi stafi hættu af skal nota neyðarskipulag almannavarna

4. ÁHÆTTUMAT

Í þessari áætlun er að finna yfirlitsmyndir af hafnarsvæðum Vestmannaeyjahafnar, þá er átt við ytri og innri hafnarsvæði hafnarinnar.

Hafnaraðstöður og hafnarsvæði eru nánar tiltekið þessi:

Innri höfnin

Er athafnasvæði hafnarinnar þar sem svo til öll starfsemi hafnarinnar fer fram, í innri höfn eru eftirtaldar hafnaraðstöður.

- Nausthamarsbryggja
- Smábátabryggjur
- Básaskersbryggja
- Friðarhafnarkantur
- Friðarhafnarbryggja (pyttur)
- Binnabryggja
- Skái
- Skipalyftukanntur
- Gjábakki
- Kleifarkanntur

Ytri höfn:

Í Klettsvík er enginn séstök starfsemi en þar er afgirt svæði, svokallaður griðarstaður stórhvala.

- Klettsvík

a. Hafnarsvæði

Í viðauka 1. eru yfirlitsmyndir af hafnaraðstöðum og hafnaraðstöðum, þar eru færðar upplýsingar um staðsetningu mannvirkja og búnaðar sem mengunarhætta getur stafað af og merkt inn svæði sem teljast viðkvæm. Staðsetning mengunarvarnabúnaðar er einnig sýnd. Nánar tiltekið er um að ræða eftirfarandi:

- olíu- og lýsisgeymar og lagnir frá þeim
- bryggjudælur fyrir smábáta
- tengikassi fyrir landsetningu olíu
- tengikassar fyrir afgreiðlu lýsis
- mengunarvarnarbúnaður

b. Tafla fyrir gróft áhættumat fyrir hafnaraðstöður

Svæði	Líkur á óhappi	afleiðingar óhapps	þörf á mannskap
Innri höfn			
Nausthamar- smábátaaðstaða	Δ	miklar	já/eftir atvikum
Básaskersbryggja- Ferjulægi	Δ	litlar	já/eftir atvikum
Friðarhöfn-Pyttur	Δ	litlar	já/eftir atvikum
Binnabryggja-skái	Δ	miklar	já/eftir atvikum
Skipalyftukanntur- Lyfta	Δ	litlar	já/eftir atvikum
Gjábakki-Kleifarbryggja	Δ	litlar	já/eftir atvikum
Ytri höfn			
Klettsvík	Δ	miklar	já/eftir atvikum

Litlar líkur á óhappi (minnst)	Δ
Nokkrar líkur á óhappi (Miðlungs)	Δ
Talsverðar líkur á óhappi (mest)	Δ

5. VIÐBRAGÐÁÆTLUN

a. Útkallslisti fyrir starfsmenn til vinnu við mengunaróhapp

Hafnarstjóri: Dóra Björk Gunnarsdóttir

Starfsmenn á vakt:	
Hafnarstjóri	891-8011
Hafsögumaður	892-1325
Hafnarvörður	893-0027
skipstjóri Lóðsinn	892-1320
Slökkviliðsstjóri (Friðrik Páll Arnfinnsson)	895-8378
Olíudreifing Vestmannaeyjum	897-0305
Starfsmenn:	
Gísli Valur Gíslason (hafnsögumaður)	611-9090
Njáll Kolbeinsson (skipstjóri Lóðsinn)	863-1901
Georg Eiður Arnarson (hafnarvörður)	869-3499
Sindri Sindrason (hafnarvörður)	846-1428
Ágúst Sævar Einarsson Hafnarvörður)	867-9693
Garðar Rúnar Garðarsson (vélstjóri Lóðsinn)	867-8017
Ólafur Bjarni Ólason (vélstjóri Lóðsinn)	865-2096
Alfred Halldórsson (hafnsögumaður)	861-0117
Guðmundur Snædal (vigtarmaður)	865-2440
Kári Rafn Höskuldsson (Hafnarvörður)	869-6431
Þóra Guðný Arnarsdóttir (Skrifstofa)	849-9044

b. Mengunarvarnarbúnaður listi

Búnaður til staðar á hafnarsvæðum.

Búnaður til fyrsta viðbragðs er geymdur við móttökustaði fyrir olíu. Til viðbótar er búnaður í öllum vaktskúrum sem eru við höfnina.

Binnabryggja		
Atriði - innihald	Fjöldi	Ein.
Uppsogssett 50ltr. Mottur og pulsar	1	Stk
		
Uppsogsett í tunnu 100ltr	Fjöldi	Ein.
Plastpoki	2	Stk
Lekavörn á niðurfall 70x70cm	2	Stk
Uppsogsmottur	20	Stk
Uppsogspulsar	10	Stk
Gúmmíhanskar	2	Pör
Öryggisgleraugu	2	Stk
Fata með uppsogs mól fyrir yfirborð	5	kg
T-20 sápa til dreyfingar/hreinsunar ásamt öryggisblaði.	5	ltr
		


Nausthamarsbryggja – Kleifarbryggja – Friðarhafnarkantur - Vigtarskúr		
Atriði - innihald	Fjöldi	Ein.
Uppsogssett 50ltr. Mottur og pulsar	1	Stk
		

Búnaður í mengunargám í porti		
Atriði - innihald	Fjöldi	Ein.
Rafstöðvar	2	Stk
Háprýstidæla	1	Stk
Barkar	5	Stk
Ljósastarar	2	Stk
Dreyfiefni, Tandur T-20 sápa	200	Ltr
Loftpressa	1	Stk
Hand úðarar	3	Stk
Skóflur	10	Stk
Garðhrífur	5	Stk
Fötur	10	Stk
Regn-stakkur	10	Stk
Regn – buxur	10	Stk
Vettlingar	10	Pör
Stígvél	10	Pör
Öryggishjálmar	10	Stk
Sjúkrakassi	1	Stk
Verkfæraskápur	1	Stk
Rafmagnssnúra	2	Stk
Bensínbrúsar	2	Stk
Bensín	40	ltr
Hitari til að hita gám	1	Stk
Benín dæla	1	stk
Rafmagnssnúra (kefli)	1	stk
Slökkvitæki	1	stk
Bensín brúsar með bensín	20	ltr

Viðbótarbúnaður geymdur á lager á hafnarskrifstofu.

Atriði - innihald	Fjöldi	Ein.
Ísogspylsur (hvítar 20cm/5m)	100	metrar
Ísogspylsur (hvítar 20cm/3m)	45	metrar
Dreifiefni T-20	80	ltr
Breytilegur lager af uppsogsmottum og smærri pylsum		Stk
Max dryer uppsogsefni af yfirborði	80	Kg
Hand úðarar	3	stk
Tankur 1000ltr	1	stk
Lekavörn á niðurfall 70x70 margnota	1	Stk

c. Mengunarvarnarbúnaður Vestmannaeyjahafnar



Flotgirðing með pilsí



Burstaskimmer og færanleg sjódæla



d. Þjálfun starfsmanna og mengunarvarnaæfingar

Yfirlit og aðgerðaáætlun hafnarstjóra um þjálfun starfsmanna og æfingar.

Vestmannaeyjahöfn á og rekur mengunarvarnabúnað í samræmi við flokkun hafnar og áhættumat hennar samkvæmt 1.mgr 19.gr laga nr.33/2004.

Í gildi er samningur milli Vestmannaeyjahafnar og Slökkviliðs Vestmannaeyja um gagnkvæma aðstoð við mengunaróhöpp.

Við yfirferð Vestmannaeyjahafnar á búnaði er ennfremur farið yfir verklag við notkun á búnaðinum til að bregðast við mengunaróhöppum í höfnum, hvernig leggja eigi út mengunarvarnagirðingu, notkun á dreifiefni og fleira. Stærri æfingar þar sem allur búnaður er prófaður með því að setja hann í sjó hafa verið haldnar en það er á nokkurra ára fresti vegna umfangs og kostnaðar. Mengunaróhöpp og aðgerðir hafa markvisst verið nýtt til að læra af.

Nýting búnaðar sem Vestmannaeyjahöfn geymir á hafnarsvæði krefst ekki sértækra, reglubundinna æfinga, en allur búnaður er yfirfarinn af hafnarstarfsmönnum árlega. Slökkvilið Vestmannaeyja hefur ávallt fullan aðgang að mengunarvarnabúnaði hafnarinnar.

Hafnarstjóri eða starfsmaður í umboði hans skv. Ákvæðun viðbragðaáætlunar við braðamengun Vestmannaeyjahafnar, getur falið slökkvistjóra stjórn á vettvangi við bráðamengunaróhöpp á starfssvæði Vestmannaeyjahafnar, samkvæmt heimild í 6.mgr 14. gr laga nr.33/2004 sem síðari breytingum.

Um borð í dráttarbáti Vestmannaeyjahafnar, Lóðsinum, er búnaður (dæla) sem getur dreift efni yfir olíumengað svæði og stór krani sem lyftir 2,5t/11m sem notaður er við notkun á flotgirðingu.

Skýrsla um mengunarvarnaæfingar:

Yfirlit yfir æfingar Vestmannaeyjahafnar og Slökkviliðs er ekki tiltækt, en skv. samningi ábyrgist Slökkvilið Vestmannaeyjabæjar að ávallt sé mannskapur til staðar til að vinna með hafnaryfirvöldum og nota mengunarvarnabúnaðinn ef til óhapps kemur.

Skema vegna þjálfunar starfsmanna, skoðun búnaðar og skil gagna/skýrslu. Yfirfarið árlega

	Jan – Feb	Mar – Apr	Maí – Jún	Júl – Ágú	Sep – Okt	Nóv – Des
Búnaður Skoðaður og endurnýjunarþörf metin	X fyrir 1.Mars					
Skýrsla um mengunarvarnaræfingar send, einnig skýrsla um notkun búnaðar og mat á ástandi han og endurnýjunarþörf	X Fyrir 1.Mars					
Viðbragðsáætlun endurskoðuð og send til mengunarvarnaráðs hafna	X Fyrir 1.Mars					
Skrifborðsæfing starfsmanna		X				
Æfing með mengunarvarnabúnað hafnarinnar			X			
Áhættumat endurskoðað					X	

6. UPPGJÖR KOSTNAÐAR OG GJALDTAKA

Meginreglan við uppgjör kostnaðar vegna mengunaróhapps er sú, að mengunarvaldur greiðir fyrir aðgerðir. Það kemur þá í hlut Vestmannaeyjahafnar að krefja mengunarvald um greiðslu í samræmi við gildandi lög vegna kostnaðar sem af mengunaróhappi hlýst.


Gjald fyrir ráðstafanir sem gripið er til við mengunaróhöpp er innheimt skv. gjaldskrá Vestmannaeyjahafnar og felst einkum í að innheimt(ur) er:

- Einingarverð fyrir útseldar vinnustundir
- Gjald fyrir notkun mengunarvarnarbúnaðar
- Gjald fyrir notkunn annara búnaðar hafnarinna svo sem dráttarbáts
- Kostnaður sem fellur á höfnina vegna sérstakra aðgerða sem nauðsynlegt er að grípa til s.s. leigu að viðbótarbúnaði og aðkeyptar vinnu verkataka
- Kostnaður vegna skemmda sem kunna að verða á eignum, aðstöðu eða búnaði

7. VIÐAUKI 1. HAFNARSVÆÐI OG HAFNARAÐSTÖÐUR




Innri höfn



Klettsvík

Merkta svæðið í Klettsvík er búr þar sem griðarstaður stórhvala er. Þetta svæði er viðhvæmt og þarf sérstaklega að vernda það gegn olíumengun. Appelsínugula línan er áætlaður staður fyrir olíuvarnargriðingu sem dregin yrði út af dráttarbáti hafnarinnar ef olíumengunarslys yrði



8. VIÐAUKI 2 - ÁKVÆÐI REGLUGERÐARINNAR SEM SNÚA AÐ HÖFNUM

Samantekt (febrúar 2016) á ákvæðum reglugerðar um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda nr. 1010/2012 um það sem snertir hafnirnar:

1. Viðbrögð við mengun - I. kafli

a. Skylda um samráð, 4. gr.

- I. Við lögreglustjóra ef mengun getur valdið hættu fyrir íbúa eða eignir.
- II. Nýta neyðarskipulag almannavarna, ef almenningi stafar hætta af.

2. Búnaður – II. kafli

- a. Skylda hafna til að eiga búnað og viðhalda honum, 6. og 8. gr.
- b. Byggt á stærðarflokkun hafna skv. 5. gr. reglug.
- c. Fleiri hafnir mega eiga/reka hann í sameiningu, með samþ. UST, 1. mgr. 8. gr.
- d. Þjálfar starfsfólk hafna til notkunar búnaðar, halda æfingar reglulega, 3. mgr. 8. gr.
- e. Geyma hann á aðgengilegum stað, 4. mgr. 8. gr.
- f. Ríkisstyrkur, ef höfn fellur undir þann flokk, skv. hafnalögum, 1. mgr. 8. gr.
- g. Heimilt að semja við slökkviliðsstjóra um umsjón m. mengunarvarnabúnaði og stjórnun viðbragðs/framkvæmda á vettvangi, 6. mgr. 8. gr.
- h. Aðgangur hafna, skv. ósk, að mengunarv. búnaði UST, 9. gr., 13. gr., 18. gr.

3. Viðbragðsáætlun – III. kafli

- a. Eigandi hafnar geri viðbragðsáætlun v. bráðamengunar innan hafnarsvæðis, 1. mgr. 11. gr.
- b. Gera áætlun f. hverja höfn, sem tekur mið af aðstæðum á hverjum stað, 1. mgr. 11. gr. c. Samþykkt UST á viðbragðsáætlun, 1. mgr. 11. gr. d. Umsögn RLS og viðkomandi slökkviliðsstjóra ef við á (?), 1. mgr. 11. gr.
- e. Áætlun birt á vefsíðu viðk. hafnar, 1. mgr. 11. gr. f. Efni/innihald áætlunar, 1. mgr. 11. gr.
- g. Skila uppfærðri viðbragðsáætlun til UST og afrit til mengunarvarnaráðs, fyrir 1. mars ár hvert, 2. mgr. 11. gr. Að auki fylgi:

- I. yfirlit yfir mengunarvarnaæfingar árið á undan
- II. notkun búnaðar sl. árið
- III. mat á ástandi búnaðar og þörf á endurnýjun
- IV. upplýsingar um bráðamengun í höfninni sl. árið og viðbrögð við henni

4. Framkvæmd og stjórn aðgerða á hafnarsvæði þegar bráðamengun verður - IV. Kafli

- a. Ábyrgð hafnarstjóra á viðbrögðum skv. áætlun, 1. mgr. 13. gr.
- b. Tilkynna skal til UST og heilbr. nefndar um leið og mengunar verður vart, 2. mgr. 13. gr.
- c. Frekari viðbrögð, 13. gr.
- d. Heimild hafnar til að fela mengunarvaldinum sjálfum að hreinsa, skv. áætlun sem hafnarstjóri samþykkir, 17. gr.

5. Hlutverk stofnana (UST) - VI. kafli

- a. UST: gera leiðbeiningar um viðbragðsáætlanir, 26. gr.
- b. UST: yfirfara og samþykkja áætlanir hafnanna, 26. gr.
- c. UST: birta upplýsingar frá höfnunum, 26. gr.

6. Gjaldtaka, ágreiningur ofl. - VIII. Kafli

- a. kostnaður við flutninga og notkun á mengunarvarnabúnaði greiðist af þeim sem hefur óskar eftir og notar búnaðinn, sá aðili endurkrefur mengunarvald um greiðslu kostnaðar, 30. gr.
- b. gjald f. notkun mengunarvarnabúnaðar - setja í gjaldskrá hafna sbr. hafnalög, lögveð, 30. gr.
- c. Kæruheimild: Ráðherra úrskurðar um ágreining - t.d. um hvort um bráðamengun er/var að ræða, 33. gr